




Stekkjaskóla, 29.9.2026

Kæru nemendur og forráðamenn

Framundan er skertur skóladagur og starfsdagur.

Haustþing kennara - Skertur dagur – fimmtudaginn 1. október

Haustþingi kennarafélags Suðurlands á Flúðum hefst eftir hádegi fimmtudaginn 1. október og því er skertur dagur.

Þá lýkur skóla hjá öllum kl. 13:00.

Nemendur í frístund fara eftir skóla í hefðbundið frístundastarf.

Nemendur sem taka „sveitarútuna“ taka hana heim um 13:10 þegar hún hefur sótt nemendur í hina skólana.

Haustþing kennara - Föstudaginn 2. október er starfsdagur í skólanum og því frí hjá nemendum.

Kennarar og annað uppeldismenntað starfsfólk verður á haustþingi kennarafélags Suðurlands á Flúðum. Á þinginu verða ýmsir fyrirlestrar og vinnustofur á dagskrá um menntamál. Má þar nefna umfjöllun um gervigreind og nám, vinnustofa um útinám, hvernig hægt er að efla gæði kennslu, fræðsla um fordóma og hatursorðræðu, fjallað um raddheilsu kennara, málþroskaröskun, jákvæða sálfræði og einnig er fræðslutorg um kynjafræði og kynjafræðikennslu.

Þess má geta að á föstudeginum verða þrír kennarar Stekkjaskóla með kynningar undir liðnum ***Lítu þér nær - menntaspjall***. Elísabet fjallar um Classroom Screen, Raketlínur kynna nýjar stærðfræðibækur sem hún hefur samið og MMS er að gefa út og Inga Lára kynna teymiskennslu á yngsta stigi.

Stuðningsfulltrúar og aðrir starfsmenn sinna ýmsum verkefnum í Stekkjaskóla.

Bestu kveðjur, starfsfólk Stekkjaskóla

